

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 87 15. júní 1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Starfsmenn ríkisins skulu árlega fá orlof í 21 virkan dag og einskis í missa af föstum launum. Þeir starfsmenn, sem hafa 10 ára starfsaldur, skulu fá orlof í 24 virka daga. Starfsmönnum, sem eiga að baki lengri starfsaldur en 15 ár, skal veita orlof allt að 27 virkum dögum.

Starfsmenn, sem hafa skemmri starfsaldur en eitt ár, skulu fá orlof í 1 og $\frac{3}{4}$ virkan dag fyrir hvern mánuð, sem þeir hafa starfað hjá ríkinu.

Orlofsárið telst frá 1. júní til 31. maí næsta ár á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 27/1965, um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 66 24. apríl 1957 og 76 19. maí 1960.

Fjármálaráðuneytið, 12. júní 1965.

Magnús Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

Nr. 130.

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Reikningur pr. 31. des. 1960.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári skv. reikningi 31. des. 1959	kr. 166 849.61
Aukning skv. eftirfarandi reikningi	— 71.97

Kr. 166 921.58

Eignir sjóðsins eru:

Veðdeildarbréf og handhafaskuldabréf	kr. 136 433.36
Veðskuldabréf	— 5 166.67
Sparisjóðsinnstæða	— 25 321.55

Kr. 166 921.58

Tekjur:

Vextir af veðdeildar- og handhafaskuldabréfum	kr. 2 505.00
— — veðskuldabréfum	— 530.00
— — sparisjóðsinnstæðu	— 2 079.97

Kr. 5 114.97